

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, Ásólfstaðir II.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. ágúst 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 frá 6. apríl 2006.

Breytingin felst í því að um 56 ha landbúnaðarsvæði í landi Ásólfstaða II breytist í blandað svæði fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 20. ágúst 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 3. september 2008